

# Alla mina sista

Höfundur texta og mynda: Maija Hurme (FI)  
Schildts & Söderströms 2022

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023

Sögupráður: Það er hægt að safna alls konar hlutum, til dæmis öllu sem er síðast í röðinni. Það sem gerist síðast getur eins verið byrjun á einhverju nýju.

Efnisorð: Tilfinningar, einmanaleiki, sjónarhorn barnsins, hversdagur, forvitni, vangaveltur

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Á bókarkápunni og aftan á bókinni er fullt af skemmtilegum myndum. Um hvað haldið þið að bókin sé þegar þið virðið myndirnar fyrir ykkur?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápuna. Um hvað haldið þið að bókin sé?
2. Skoðið myndirnar utan á bókinni og bíðið til sögu saman. Byrjið á „Einu sinni var ...“
3. Hverju eruð þið að safna? Teiknið mynd af því sem þið eruð að safna.
4. Skoðið opnuna þar sem börnin bíða eftir því að sýningin hefjist. Hvernig haldið þið að börnunum líði? Hvenær hefur ykkur líðið þannig?
5. Finnið opnuna með „Efterlängtade sista“ (Langþráð endalok). Þar eru til dæmis orðin tand, skruv og mál (tönn, skrufa og mark). Getið þið rímað við þau? Finnið fleiri orð á opnunni sem hægt er að ríma við.

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Getið þið fundið fimm erfið orð í bókinni og komist að því hvað þau þýða?
2. Bókin sýnir að það er hægt að safna ýmsu sem ekki þarf að kaupa. Gerið lista yfir hluti sem er hægt er að safna ókeypis.
3. Skoðið stjörnuhimininn aftan á bókarkápunni. Um hvað haldið þið að persónurnar séu að hugsa og hvernig haldið þið að þeim líði? Skriðið ljóð út frá myndinni.



ISBN 978-952-7490-98-3

4. Kunnið þið leik um síðasta ógeðslega nammið neðst í poka­num? Hvaða nammi er venjulega það síðasta sem þið borðið eða leiðið?

5. Gerið tvo lista: annan um síðasta skóladaginn á vorin og hinn um fyrsta skóladaginn á haustin. Hvaða tilfinningar vekja þessir dagar hjá ykkur? Hvað finnst ykkur gott, hvað er leiðinlegt?

6. Ö er síðasti stafurinn í stafrófinu. Fyllið blað með orðum og nöfnum sem byrja eða enda á stafnum ö. Vinnið saman tvö og tvö.

7. Síðasta mínúta sólarhringsins byrjar kl. 23.59 Skriðið ljóð um þessa síðustu mínútu.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Endir og upphaf fara venjulega saman. Hefurðu þú prófað eitthvað sem var „síðasta“ og var fyrst sorglegt og erfitt en síðan mjög gott? Segðu frá því.
3. Skoðaðu opnuna „Sorgliga sista“ (Sorgleg endalok) með Fatu og Najin. Taktu saman upplýsingar og bíðu til fróðleiksmola um tegund sem er í útrýmingarhættu.
4. Loftslagsbreytingar valda því að veturnir hlýna. Skoðaðu myndina „Snögubbens sista stund er kommen“ (Síðasta stund snjókarlsins er runnin upp) og skrifaðu stuttan texta um milda vetur frá sjónarhorni snjókarlsins.

5. Hefurðu einhvern tíma lesið bók þar sem síðasta blaðsíðan kom of snemma, bók sem þú hefðir alveg viljað haldið áfram að lesa? Segðu frá þeirri bók og hvers vegna þér fannst hún góð!

6. Búðu til stemningu við opnu í bókinni með hjóðum og tónlista.

**AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:**  
Öll með tölu. Höfundur: Kristin Roskifte. Þýðandi: Sigrún Eldjárn.  
Jag och alla. Höfundar: Ylva Karlsson og Sara Lundberg.

## MÁLAMOLI

# "Síðast"

sænska

Sista

danska

Sidste

norska

Siste

íslenska

Síðast

færeyska

Síðstur

grænlandska

Kingulleq

finnska

Viimeinen

norðursamíska

Manjimus



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)